

**G J A L D S K R Á****Hitaveitu Selfoss.****I. Heitt vatn.**

Hitaveita Selfoss selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Um vatnsmæli kr. 48.00 fyrir hvern rúmmetra vatns.
2. Um hemil kr. 13 200.00 á ári fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Minnsta magn vatns sé 1 l/mín fyrir hverja 100 m<sup>3</sup> húsnæðis.

Ef vatnsmælir bilar er hitaveitunni heimilt að áætla vatnsnotkun með hliðsjón af fyrri notkun og/eða hitaþörf húsnæðis.

**II. Mælaleiga.**

Hitaveitan leigir vatnsmæla og skal leigafyri r þá innheimt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun. Hitaveitan ákveður stærð mæla og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælum, sem hér segir:

- |                                |                   |
|--------------------------------|-------------------|
| 1. Fyrir mæla allt að ¾" ..... | kr. 510 00 á mán. |
| 2. Fyrir mæla frá 1—2" .....   | — 935.00 á mán.   |
| 3. Fyrir hemla .....           | — 510.00 á mán.   |

**III. Heimæðagjald.**

Heimæðagjald, miðað við heildarrúmmál húsa, er sem hér segir:

Allt að 400 m<sup>3</sup> kr. 102 000.00.

400 til 2000 m<sup>3</sup>, kr. 102 000.00 af 400 m<sup>3</sup> + kr. 85.00 á m<sup>3</sup> þar yfir að 2000 m<sup>3</sup>.

2000 m<sup>3</sup> kr. 238 000.00 + kr. 70.00 á m<sup>3</sup> þar yfir.

Séu fleiri en eitt hitunarkerfi tengd við heimæðina með mælum frá hitaveitunni, skal greiða kr. 14 900.00 aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, sé um óskipulagt svæði að ræða, skal greiða heimæðagjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimæðagjald skal að fullu greitt þegar tengingu heimæðar er lokið.

**IV. Opnunargjald.**

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 1 000.00.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Selfosshrepps, staðfestist hér með til að taka gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá nr. 233 13. maí 1975.

*Þnaðarráðuneytið, 4. október 1976.*

**F. h. r.**

**Árni Þ. Árnason.**

*Jóhannes Guðfjinnsson.*